



## Fundargerð

---

Fundur haldinn 27. október 2021 kl. 11.00

Mættir: Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, deildarstjórnarnir Fjóla Kristín Helgadóttir og Margrét Th Aðalgeirsdóttir, Herdís Alberta Jónsdóttir og Sesselja Úlfarsdóttir fulltrúar kennara, Sunneva Guðgeirsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Vala Þórsdóttir fulltrúi foreldra en ennþá vantar annan fulltrúa foreldra, Sara Rún Sævarsdóttir fulltrúi nemenda, Aron Ingi Elmarsson annar fulltrúi nemenda var fjarverandi.

Fundarritari: Fjóla Kristín Helgadóttir

### Dagskrá

- Fundartími skólaráðs.** Undanfarið hefur verið fundað seinni hluta dags en þá hafa nemendur átt erfitt með að mæta og Anna spyr hvort tími á skólatíma geti hentað. Einu athugasemdirnar tengdust stuðningsfulltrúa sem átti erfitt með að fara frá í dag vegna forfalla annars starfsmanns. Ákveðið var að halda þessum fundartíma þangað til annað kemur í ljós.
- Fulltrúar í skólaráði.** Ákveðið hefur verið að annar fulltrúi nemenda í 9. bekk í nemendaráði sitji í skólaráði og nemandi í 10. bekk sem var fulltrúi í skólaráði árið áður, hver nemandi situr í tvö ár. Núna situr stúlka sem var fulltrúi 9. bekkjar í nemendaráði og skólaráði í fyrra sitt annað ár í skólaráði. Nýr fulltrúi í skólaráði er drengur sem er fulltrúi nemenda 9. bekkjar í nemendaráði. Mikilvægt að hafa tengingu inn í nemendaráð. Ennþá vantar einn fulltrúa foreldra í skólaráð.
- Starfsáætlun.** Skólanámskrá skiptist í tvo þætti og er starfsáætlun annar hlutinn sem er endurskoðaður á hverju ári. Þar er að finna upplýsingar um skólastarfið sem eru breytilegar frá ári til árs. Starfsáætlun þarf að skila til fræðsluráðs ásamt samþykki skólaráðs. Anna fór í gegnum starfsáætlunina og sagði m.a. frá smávægilegum breytingum sem þar eiga eftir að koma inn. **Starfsáætlun var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**
- Gæðaráð og innra mat.** Ný menntastefna Akureyrar er nýlega samþykkt og henni fylgja listar til að meta skólastarfið. Þetta er með sama hætti í öllum skólum bæjarins. Síðasta skólaár var verið að meta innra mat og hluta úr sýn og stefnu skólans. Þetta skólaár er nám og kennsla áhersluþáttur og er gæðaráð byrjað að meta. Anna útskýrði betur framkvæmd innra matsins og hvaða þættir eru metnir Umbótaáætlun sem gerð er í tengslum við þá þætti sem þarf að bæta. Anna nefndi sérstaklega líðan nemenda þar sem við erum undir landsmeðaltali skv. Skólapúlssi. Anna sagði frá þeim atriðum sem sett voru inn í umbótaáætlun varðandi líðan, þar kom fram að skólinn hefur fengið til liðs við sig markþjálfun til að styrkja nemendur. Anna sagði aðeins frá ytra mati sem lagt var fyrir í Oddeyrarskóla 2015. Síðasti vetur var mjög þungur í starfsmannahópnum og fór Anna yfir þá þætti sem voru settir inn í umbótaáætlun varðandi þann þátt. Anna nefndi að í gæðaráði ættu að vera fulltrúar nemenda og foreldra en gæðaráð fundar vikulega og því þótti betra að vinna gæðaráðs væri borin undir skólaráð. Á næsta fundi skólaráðs verður vinna gæðaráðs kynnt. Anna bað fólk



## Fundargerð

---

að velta fyrir sér hvernig raddir foreldra og nemenda geti hljómað betur. Umræður um fjölbreytni í skólastarfi.

5. Anna sagði stuttlega frá endurbótum á skólalóð.

Fundi slitið kl. 11.50

Fjóla Kristín skrifaði fundargerð